Tugir listaverka í fyrsta sinn sinn á sýningu

NÝ Kjarvalssýning verður opnuð á Kjarvalsstöðum sunnudaginn 20. marz kl. 2. Mun sýningin standa fram í ágústlok, en aðgangur og sýningarskrá eru ókeypis. Á þessari sýningu er sýnd 51 Kjarvalsmynd og örfáar þeirra hafa komið fyrir sjónir á sýningum áður. Eru allar myndirnar nema tvær fengnar að láni hjá einstaklingum, en um hálfan annað mánuð hefur tekið að setja þessa sýningu upp, en myndirnar voru valdar með því að skoða þær í heimahúsum.

Alfreð Guðmundsson, forstöðumaður Kjarvalsstaða, þekkir mjög vel til mynda Kjarvals og vissi hann um eigendur flestra þeirra mynda, sem nú eru á sýningunni. Auk Alfreðs eiga sæti í sýningarnefnd þeir Guðmundur Benediktsson listmálari og Jóhannes Jóhannesson listmálari og völdu þeir myndirnar á sýninguna. Að sögn þeirra vildu flestir þeirra sem til var leitað, lána myndir sínar, þótt um 5 mánaða skeið væri að ræða.

Myndirnar á sýningunni eru frá tímabilinu 1917—1968 og sýna þær Kjarval í allri sinni fjölbreytni. Jóhannes Jóhannesson sagði í samtali við Mbl., að lögð hefði verið áherzla á að sýna nú Kjarvalsmyndir sem fram til þessa hefðu verið huldar augum almennings þar sem þær hefðu ávallt verið í einkaeign og yfirleitt ekki verið á sýningum.

Í sýningarskrá eru ávarpsorð Birgis Ísleifs Gunnarssonar borgarstjóra:

Frá því að Kjarvalsstaðir tóku til starfa árið 1973, hafa verið haldnar í húsinu nokkrar sýningar á myndum Jóhannesar S. Kjarvals, enda að því stefnt, að eystri salur hússins skyldi sérstaklega ætlaður til sýninga á verkum hans. Stundum hefur þó salurinn verið tekinn til annarra sýninga þannig, að sýningar á myndum Kjarvals hafa ekki verið óslitið hér í húsinu.

Nú er opnuð hér ný sýning á myndum Kjarvals. Safnað hefur verið saman myndum, sem allar eru í einkaeign, að undanteknum tveim stærstu myndunum, sem eru eign borgarinnar. Fæstar þessar myndir hafa áður verið sýndar opinberlega á sýningu, og því er mikill fengur að því, að borgarbúar og aðrir, sem hingað eiga leið sína, fái tækifæri til að kynnast þeim. Myndirnar spanna yfir langt tímabil. Sú elzta er frá árinu 1917, en sú yngsta frá árinu 1968, en það ár fór Kjaral á sjúkrahús og átti þaðan ekki afturkvæmt. Málaði hann ekkert eftir það. Að vísu eru allmiklar eyður í sýningunni, þ.e. ákveðin tímabil vantar, en tilgangurinn er fyrst og fremst að kynna sýnishorn af hinni ótrúlega fjölbreyttu list Kjarvals. Fræðilegt yfirlit yfir hin einstöku tímabil í listferli Kjarvals verður að bíða betri tíma.

Hússtjórn Kjavalsstaða hefur nú ákveðið með samþykki borgarstjórnar að hefja undirbúning að ritun sögu Kjarvals. Er að því stefnt, að á aldarafmæli meistarans verði saga hans skráð. Verður það væntanlega mikið verk og kærkomið öllum þeim mörgu, sem unna list hans.

Sýning sú, sem nú er opnuð, mun standa fram á haust. Þeir mörgu aðilar, sem lánuðu myndir til sýningarinnar, verða því að sjá af þessum vinum sínum um óvenju langan tíma, en Reykjavíkurborg stendur í því meiri þakkarskuld við þá. Þeim er öllum fluttar beztu þakkir.

Það er von mín, að margir muni verða til þess að skoða þessa sýningu og nota það tækifæri, sem hér gefst til að kynnast enn nýjum strengjum í hinni ótrúlega fjölþættu listhörpu Kjarvals.



Hvatar-fundur um borgarmál

HVÖT, félag sjálfstæðiskvenna, heldur félagsfund í Valhöll, Bolholti 7, á mánudagskvöld. Á fundinum, sem hefst kl. 8.30 e.h., verða borgarmálefni á dagskrá.

Frummælendur á fundinum verða fjórir borgarfulltrúar og vara-borgarfulltrúar.

Elín Pálmadóttir ræðir um hvernig við búum í eldri og yngri hverfum Reykjavíkur.

Margrét Einarsdóttir talar um heilsugæzlustöðvar og læknaþjónustu í Reykjavík.

Sigríður Ásgeirsdóttir talar um málefni aldraðra.

Bessí Jóhannsdóttir ræðir um Reykjavík, þjónustumiðstöð landsmanna og borgarleikhús.

Fundarstjóri verður Jónína Þorfinnsdóttir, formaður Hvatar. — Allt sjálfstæðisfólk er velkomið á fundinn.

Tveim skreiðarförmum umskipað í Hamborg


NÚ VIRÐIST vera að koma skriður á skreiðarflutninga frá Íslandi til Nígeríu á nýjan leik, og tvö af skipum Eimskipafélags Íslands eru lögð af stað eða eru að leggja af stað til Hamborgar með samtals 1100 tonn af skreið. Í Hamborg verður skreiðinni umskipað yfir í skip, sem fer með hana til Lagos í Nígeríu. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem Morgunblaðið hefur aflað sér vilja skreiðarframleiðendur sjá hvernig losun Lagarfoss gengur í Nígeríu áður en þeir senda skip á ný með skreið þangað beint frá Íslandi.

Ferðaáætlun

ÚTSÝNAR

er komin út og liggur frammi hjá umboðsmönnum Útsýnar um land allt.

Pantið réttu ferðina tímanlega.






Brottfarardagar á Costa Brava 1977:
Maí: 20. Júní: 10. Júlí: 1., 15., 29.
Ágúst: 12., 19., 26. Sept: 2., 9.

Einnig bílferðir um Evrópu: Sex landa sýn - Gardavatn - Mosel/Rín - Fjöldi Norðurlandaferða - Ódýrar Lundúnaferðir tvisvar í viku - Farseðlar - Viðskiptaferðir - Ráðstefnur - Vörusýningar



Brottfarardagar til Lignano 1977:
Maí: 11. Júní: 1. Júlí: 6., 13., 20., 27.
Ágúst: 3., 10., 17., 24., 31. Sept: 7.



Brottfarardagar á Costa del Sol 1977:
Apríl: 6., 17. Maí: 8., 29. Júní: 19. Júlí: 3., 17., 24., 31.
Ágúst: 7., 14., 21., 28. Sept: 4., 11., 18., 25. Okt: 9.

Ferðaskrifstofan ÚTSÝN

Austurstræti 17, sími 26611